

LISTIR

Nemendur stjórna flutningi á kantötum

Í TÓNSKÓLA Þjóðkirkjunnar hefur staðið yfir námskeið í kór- og hljómsveitarstjórn sl. þrjá mánuði, þar sem Hörður Áskelsson, organisti í Hallgrímskirkju, hefur leiðbeint í flutningi kantata eftir J.S. Bach. Námskeiðinu lýkur með því að þátttakendur stjórna flutningi á tveimur kantötum í Grensáskirkju í dag kl. 17. Þrjú ungir einsöngvarar, kór þátttakenda og kammersveit, að mestu skipuð félögum úr Sinfóníuhljómveit áhugamanna, syngja og leika, en köflum kantatanna hefur verið skipt á milli stjórnendanna. Hörður Áskelsson kynnrir verkin.

Kantötturnar eru *Wachet auf, ruft uns die Stimme BWV 140* og *Wer nur den lieben Gott lässt walten BWV 93*. Einnig leika nemendur fylgirödd í sumum þáttum og er það hluti þjálfunar þeirra að leika fylgirödd eftir tölusetnum bassa. Á milli kantatanna leika orgelnemendur tvær orgelútsetningar Bachs á köflum úr sömu kantötum, sálforleiki sem kenndir eru við Schübler. Stjórnendur eru Arngrður María Árnadóttir, Bjartur Logi Guðnason, Björn Thorarensen, Hreiðar Ingi Þorsteinsson og Sveinn Arnar Sæmundsson. Einsöngvarar eru Elfa Margrét Ingvadóttir sópran, Hugl Jónsson bassi og Gunnhildur Baldursdóttir alt.

Flestir þátttakenda í námskeiðinu eru nemendur í kórstjórn í Tónskóla Þjóðkirkjunnar. Kórstjórn er nú þriggja ára samfelld nám við Tónskólann og kennari í kórstjórn er Hákon Leifsson.

Í DAG



Hrönn Helgadóttir

Fella- og Hóla-kirkja kl. 16 og kl. 21 Tvennir söngtónleikar nemenda frá Tónlistarskóla Mosfellsbæjar verða í dag. Pianóleikari er Douglas A. Brotchie. Á fyrri tónleikunum syngur Gunnlaug Dröfn Pálsdóttir sópran m.a. ensk, þýsk og íslensk söngljóð og ítalskar aríur. Tónleikarnir eru liður í 8. stigs prófi Gunnlaugar Drafnar. Kennari hennar er Jón Þorsteinsson.

Á seinni tónleikunum syngur Hrönn Helgadóttir mezzosópran, sem heldur burtfararprófstónleika frá skólanum. Með henni koma fram Björn Thorarensen tenór, Kristjana Helgadóttir þverflautuleikari og Jónína Auður Hilmarsdóttir víólu-leikari. Hrönn hefur lært söng hjá Jóni Þorsteinssyni.

Sunnudagur 23. maí




SJÓN

Sjón - Skáld mánaðarins í Þjóðmenningarhúsinu. Dagskrá í flutningi **bókmenntaklúbbs Hana-nú** í dag kl. 14.00. Ókeypis aðgangur



www.thjodmenning.is



Roni Horn leiðir okkur um kvennaklefan í sundhöllinni í verki sínu.

Án upphafs og enda

MYNDLIST

Listasafn Reykjavíkur – Kjarvalsstaðir

FRANCESCO CLEMENTE
RONI HORN

Opiló alla daga frá 10–17.
Sýningunum lýkur 22. ágúst.

LISTAHÁTÍÐIN í Reykjavík er blómlegir dagar fyrir listir í borginni og þótt áhersla kunnir að vera lögd á sviðslistir þetta árið taka listasöfn og gallerí vel við sér og reyna að bjóða upp á sýningar sem teljast til stærri viðburða en gengur og gerist hér á landi. Helsta framlag Listasafns Reykjavíkur til hátíðarinnar er sýning á verkum ítalska listmálarans, Francesco Clemente í vestursal Kjarvalsstaða. Þetta eru nýleg verk, gerð eftir að umfangsmikil yfirlits-sýning á verkum listamannsins var haldin í Guggenheim-safninu í New York árið 1999. Sýningin er unnin í samvinnu við írsku nútímalistasafnið (IMMA) í Dublin og fylgir henni vegleg sýningarskrá. Í ábæti kom listamaðurinn til landsins til að vera viðstaddur opnun og var gestum boðið upp á listamannspjall með Clemente og Einari Garibaldi á miðvikudaginn var. Þykir mér það vel gert að hálfu safnsins því nærvera listamanns vegur þungt í kynningu og umræðu um verkin hans.

Clemente telst á meðal málara Nýja tjástílsins (Neo expressionism) sem átti mikilli velgengi að fagna á nýnda áratug síðustu aldar og náði yfir megnið af Vesturheimi, allt frá New Image painting og graffitilist í Bandaríkjunum til listhópa eins og Figuration libre í Frakklandi, Neue

wilde í Þýskalandi og Transavantgardia á Ítalíu sem Clemente tilheyrði. Nýi tjástíllinn markaði nokkurskonar endurreisn málalistarinnar þar sem listamenn sem höfðu hlotið listrænt uppeldi í hugmynda- legum gildum módernismans höfnuðu þeim og leituðu í figúratíft málverk. Uppreisninni var aðallega beint gegn konseptlist og mímimalisma en einnig gegn „góðum smekk“, þar sem listamennirnir tileinkuðu sér gróf og oft ruddaleg efnistöð. Af þeim sökum hlaut stefnan líka viðurnefnið „Bad painting“ (slæmt málverk). Listin á það til að þróast í andhverfu sína og fljótlega þótti það sýna ágætis smekk að eiga málverk eftir listamenn nýja tjástílsins s.s. Jean-Michel Basquiat, Walther Dahn eða Francesco Clemente.

Veruleiki í sjálfu sér

Viðhorf til myndlistar og myndlistarmanna er æ meira að líkjast því sem þekkest í dægurlistum. Listamenn úreldest fljótt eftir tísku- straumum og falla af vinsældalistanum eins og gerist í popptónlistinni ef þeir ná ekki að endurnýja sig, enda er framboðið mikið og köllun eftir nýjungum enn meiri. Margar af stjórnu- num nýja tjástílsins eru algerlega horfnar af sjónarsviðinu, enda eðlilegt að úrtak sé gert þegar öldu lægir. Af listamönnum Transavantgardia hópsins er Francesco Clemente sá sem hefur náð að halda sér hvað mest inni á vinsældalistanum og átt fleiri smelli en hinir. Honum hefur líka tekist að endurnýja sig með samstarfs- verkefnum við ljóðskáld, kvikmyndagerðarmenn, tónskáld og myndlistarmenn, s.s. Allan Ginsberg, Robert Creeley, Gus Van Sandt, Jean-Michel Basquiat og Andy Warhol.

Clemente hefur starfað jöfnum höndum í Róm, New York og sveitum Indlands og tekið inn áhrif frá þessum ólíku stöðum. New York sem heimsborg auðs og efnishyggu, Róm sem stórbrotin menningarborg og höfuðstöðvar kaþólskunnar og Indland sem er samsafn af öllum andstæðum heimsins, ringulreið og reglu, „andardráttur guðs“ eins og indverski dulspækingurinn Sri Bagwan Rajsneesh kallaði það. Það er því ekki laust við að málverk Clementes séu rökrænum huga ráðgáta ef hann vill festa sig við einhver skýr mörk, meiningu eða væntir þess að fatta eitthvað í myndunum. Hér er skynræn upplifun í fyrirrími og myndirnar veruleiki í sjálfu sér. Það er þó margt í táknfræðinni sem vísar til austurlenskra fræða en annars virðast myndirnar samsettar úr ólíkum brotum, einhverju sem hefur snert



Spádómur Clementes unninn með olíulit á striga.



Vatnslitamyndir Francesco Clemente eru algerlega sér á báti.

listamanninn á lífsleiðinni, sem hann svo færir í myndræna frásögn, án upphafs og enda.

Helstu breytingar sem sjá má í mörgum af nýrri verkum Clementes miðað við þau eldri er fráhrárf mannslíkamans, en líkaminn hefur jafnan verið í áberandi hlutverki hjá listamanninum. Það þýðir þó ekki að líkaminn sé á brott í þessum verkum heldur stendur hann fyrir utan myndina eins og listamaðurinn benti á í áður nefndu listamannspjalli.

Clemente er mistækur listmálari og sumt á sýningunni finnst mér allt eins eiga heima á gluggasýningu á Skólavörðustígnum. En ritskoðun, eða réttara sagt myndskoðun, hefur aldrei verið í hávegum höfð á meðal listamanna nýja tjástílsins, enda ekki kallað „bad painting“ að ástæðulausu. Stíleinkenni Clemente eru líka breytileg eftir því hvaða efni hann vinnur með. Í freskumyndunum, sem dæmi, teiknar hann með litnum, olíu- málverkin eru síðan formföst og oft kubblesleg með þurra áferð og vatns- litamyndirnar eru flæðandi, lifandi en samt dulrænar og eru algerlega sér á báti.

Alfræðibók um einleika

Í miðrýminu á Kjarvalsstöðum hefur verið sett upp nýtt verk eftir bandarísku listakonuna Roni Horn sem telst á meðal hinna margrómuðu Íslandsvína, en hún hefur sótt innblástur og efnivið sinn til Íslands síðan 1975. Horn er ekki síður kunn í

myndlistinni en Clemente en þá fyrir ljósmyndaverk og skúlptúr.

Form, rými og vangaveltur um tungumálið einkenna verk Roni Horns og eru þau einskonar alfræðibók um einleika hlutar eða fyrirbærar þar sem að listakonan varpar ótal sýnishornum á sama hlutinn eða fyrirbæri með endurtekningum. Sem dæmi má nefna hundrað andlitsmyndir af listakonunni Margrétí Blöndal í bláa lóninu, ljósmyndir af frænku Roni Horn í hlutverkaleik sem sýnt var í gallerí i8 í fyrra, ljósmyndir af yfirborði Thames-árinnar sem einnig voru sýndar í i8 og svo má lengi telja.

Verkið á Kjarvalsstöðum nefnist „Hún, hún, hún og hún“ og saman stendur af ljósmyndaröð úr kvennaklefanum í sundhöllinni í Reykjavík. Þetta er órætt ferðalag um klefan sem er svo samsett í einn ferhyrndan myndflöt svo rýmiskennin bjagast. Myndirnar eru í tveimur hlutum sem hanga andspenir hvor öðrum í sérhönnuðu rými. Þær eru svo sýndar í glerboxum á vegg sem dregur fram skúlptúríska eiginleika myndanna. Það má vel skoða verkið sem femínískt sbr. kvennaklefa og tengingu í bútasamsteppi, enda hefur listakonan aldrei farið leyt með álit sitt á karlaveldi myndlistarheimsins. Mér finnst þó skynræn þátturinn sá sterkasti að þessu sinni og form og rými eða arkitektúr augljóslega í forgrunni hjá listakonunni.

Jón B.K. Ransu

ER NEFIÐ STÍFLAÐ?



STERIMAR

Skemmir ekki slímhimnu nefúði sem losar stíflur og léttir öndun. Fyrir 0-99 ára.



Fæst í apótekum og lyfjaverslunum